

Aðalfundur Betadeildar haldinn föstudaginn 20. maí 2016 kl. 19:00 á heimili Sigríðar Magnúsdóttur, Krókeyrarnöf 9.

Mættar voru 15 konur

1. Setning fundar

Björk formaður bauð konur velkomnar og þakkaði Sigríði fyrir húsaskjól, setti fund og kveikti á kertunum. Hún flutti síðan kveðjur frá fjarstöddum konum.

2. Orð til umhugsunar

Björk flutti orð til umhugsunar og las bókina *Eplin hans Peabodys* eftir Madonnu. Boðskapur sögunnar er að kenna börnum góða siði og rétt hugarfar, einnig að fólk skuli ekki dæma annað fólk að vanhugsuðu máli án þess að hafa kynnt sér alla málavöxtu. Máttur orðanna er mikill og það þarf lítið til að koma af stað illum og skaðlegum sögum um fólk.

3. Fundargerð

María Gunnars las síðustu fundargerð og var hún samþykkt eftir smá leiðréttingu.

4. Aðalfundarstörf

- a. Skýrsla stjórnar – Björk formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir síðasta vetur.
- b. Ársreikningar – Margrét Kristín gjaldkeri flutti yfirlit vegna ársreikninga og voru þeir samþykktir.
- c. Kosning nýrrar stjórnar – ný stjórn var samþykkt og eru í henni Aníta Jónsdóttir formaður, Sigríður Magnúsdóttir varaformaður, Fríða Pétursdóttir ritari, Ragnheiður Sigurðardóttir meðstjórnandi og þá situr Björk Sigurðardóttir í stjórn sem fráfaramandi formaður. Eftir er að velja gjaldkera. Úr stjórn gengu María Gunnarsdóttir og Jónína Hauksdóttir, einnig hætti Margrét Kristín Jónsdóttir sem gjaldkeri.
- d. Kosning í stjórn Elísabetarsjóðs – Ragnheiður Stefánsdóttir gengur úr stjórn og fyrir hana kemur Jóhanna S Þorsteinsdóttir og áfram sitja Anna Þóra Baldursdóttir og Þorgerður Sigurðardóttir.

5. Erindi frá stjórn

Björk formaður kallaði Minnie upp og færði henni gjöf í tilefni sjötugsafmælis hennar og fékk hún gjafakörfu Unicef ásamt rós. Hanna hafði einnig átt sjötugsafmæli á árinu, en var ekki á fundinum og verður afhent gjöfin síðar.

Eygló sagði fréttir af vorþinginu sem haldið var í Hafnarfirði í vor og sagði að um 80-85 konur hefðu tekið þátt. Hún vísaði síðan í fréttabréfið og heimasíðu DKG til frekari upplýsingar.

6. Önnur mál

Þorgerður sagði frá 5. október hópnum og sagði að búið væri að útvega húsnaði í Símei til að halda þennan dag kennara hátíðlegan. Ætlunin væri að hafa dagskrá kl. 15:30 til 17:00, en eftir er að útvega fyrirlesara og skipuleggja veitingar.

Dregið var í happdrættinu og fékk Jóhanna vinninginn.

Björk þakkaði Sigríði fyrir húsaskjól og færði henni rós, slökkti síðan á kertunum og sleit fundi kl. 20:30.

Þá var haldið á Múlaberg, Hótel KEA þar sem snæddur var ljúffengur kvöldverður.

Ragnheiður Sigurðardóttir, ritari.